



Sólveig Sara Ólafsdóttir

MS-ritgerð: Algengi mígrenis og ávísanir á lyf við mígreni á heilsugæslustöðvum höfuðborgarsvæðisins

Höfundur: Sólveig Sara Ólafsdóttir er fædd árið 1993 á Akureyri. Sólveig ólst upp á Siglufirði en foreldrar hennar eru Ólafur Þór Ólafsson og Halldóra S. Björgvinsdóttir. Sambýlismaður hennar er Ingimar Guðnason. Sólveig útskrifaðist með stúdentspróf af náttúrufræðibraut frá Verkmenntaskólanum á Akureyri árið 2012. Hún hóf nám í lyfjafræði haustið 2014. Sólveig hefur starfað í apóteki, við leysniþrófanir á þróunarsviði hjá Actavis, á rannsóknarstofu hjá Alvotech, í blöndunareiningu

sjúkrahúsapóteks Landspítalans og sem eftirlitsfulltrúi hjá Lyfjastofnun.

Stuttur útdráttur úr ritgerð: Mígreni er hamlandi sjúkdómur sem er vangreindur og vanmeðhöndlaður á heimsvísu. Markmið rannsóknarinnar var að skoða nýgengi mígrenis yfir tvö tíu ára tímabil frá árunum 2000-2009 og 2010-2019, hjá einstaklingum á aldrinum 10-79 ára á heilsugæslustöðinni Sólvangi og heilsugæslustöðinni Firði, Hafnarfirði. Einnig var algengi mígrenis metið á öllum heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu fyrir tímabilið 2010-2019. Lyfjaávísanir sértækra mígrenilyfja og lyfjaávísanir lyfja notuð við mígreni ásamt öðrum sjúkdómum hjá einstaklingum með greint mígreni voru einnig skoðaðar fyrir bæði tímabilin. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að algengi mígrenis á heilsugæslustöðvum höfuðborgarsvæðisins er einungis þriðjungur af algengi í lýðgrunduðu úrtaki úr forrannsókn Heilsusögu Íslendinga. Einnig sýndu niðurstöður aukningu lyfjaávísana ópíóíða meðal einstaklinga með greint mígreni, það er áhyggjuefni og þarfnast nánari athugunar.